



Alþingi
Erindi nr. D 133/923
komudagur. 13.2.2007

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mývatnssveit, 8. febrúar 2007.

Efni: Umsögn Skútustaðahrepps um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum þskj. 65 – 65. mál.

Mánudaginn 5. febrúar barst erindi yðar dags. 1. febrúar þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á hjálagðri tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál. Jafnframt er óskað eftir að svar berist eigi síðar en 12. febrúar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps getur ekki fallist á áður nefnda tillögu og áttar sig ekki á hvers vegna málið er lagt fram nú, þar sem fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð, 395. mál. Í því frumvarpi Á bls. 11, 3 *Hugmyndir um mörk Vatnajökulsþjóðgarðs*, kemur fram hver yrðu æskileg upphafsmörk

Vatnajökulsþjóðgarðs og telur sveitarstjórn að þar sé tekið á friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum. Ágætir flutningsmenn þingsályktunartillögunar virðast heldur ekki haf mótað hugmyndir um hvernig friðlýsing Jökulsár á fjöllum nú, skuli tengjast núverandi þjóðgarði í Jökulsárgljúfrum og Vatnajökulsþjóðgarði.

Vegna þess hversu athugasemdafrestur er stuttur, hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps ekki getað tekið málið fyrir nema með óformlegum hætti, formlega verður erindið tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 15. febrúar n.k.

Virðingarfyllst,


Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.